

Reykjavík 16. september 2015

Tillaga:

Lagt er til að opinn fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 16. nóvember næstkomandi fjalli um virkjun kosningaréttarins, í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Boðnir verði fulltrúar á vegum Ungmennaráðs, Fjölmenningarráðs, Öldungaráðs og framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna til að fara í pallborðsumræðum yfir mikilvægi þess að mismunandi hópar samfélagsins nýti sér kosningarétt sinn og séu virkir í stjórnmálum. Erindreka gagnsæis og samráðs er falið að bjóða fulltrúum og skipuleggja fundinn.